

LJÓÐAFLÓÐ!

LJÓÐASAMKEPPNI GRUNNSKÓLANEMA 2025

Úrval ljóða frá yngsta stigi:

Sakna

Þín ég alltaf sakna,
nú er tími til að vakna
upp úr þessum missi.
Elsku afi Frissi.
Spilað á spil,
það eina sem ég vil.
Sjá barið í borðið,
en nú er það horfið.

Kamilla, 3. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Ég og þú

Ég er ólík þér,
þú ert ólík mér.
Ég og þú erum blóm.
Þú getur verið alls konar blóm.
Þú getur verið blátt, bleikt
eða jafnvel fjólublátt.
Við erum öll ólík.
Engin tvö blóm eru eins.

Dagný Harpa, 3. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Skólinn minn og þinn

Skólinn minn og þinn,
þar koma allir inn.
Við leikum okkur saman
því það er svo gaman.

Við lærum alla stafina
og lesum allar bækurnar.
Þá opnast inn í töfraheim
og við svífum út í geim.

Bríet Svala, 2. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Rigning

Ó, hér rignir frönskum
og kokteilsósu og kökum.
Hér rignir melónum.
Hér rignir dropum
og þá koma pollar.

Heiðís Rós, 3. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Jól

Jólin eru best,
þá borðum við alltaf hest.
Við eldum hestalæri,
í sósunni ég hræri.
Á meðan ég er að smakka
hugsa ég "Pakka, pakka, pakka!"

Lisbeth, 2. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Lestur og gleði

Lestur er bestur
en ég er ekki neinn hestur.
Það er mjög gaman
að lesa saman.

Áslaug Anna, 3. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Vatn eða fugl

Flamingó fuglinn vissi ekki hvort hann var vatn eða fugl.
Mamman var flamingó en pabbi hans dúfa,
það var rugl.

Var hann kannski vatn? Var hann kannski dúfa?

Sigríður Ruth B. Melsted, 2. bekk, Foldaskóla

Búm bum bum

Í leiknum heyrist bum bum bum.
Þú hoppar hátt og deyrð
hundrað og fimmtíu sinnum á dag
sama hvert þú ferð.

Sigarr Sigurbjarnarsson, 2. bekk Foldaskóla

Fuglar fljúga

Fuglar fljúga.
Skuggar af fólki
sem labbar um í náttbuxum
í Grafarvogi.
Fuglar gogga í hausinn á þeim.

Ísak Elí Ívarsson, 1. bekk Foldaskóla

Í sólbaði

Stelpan lék við stelpu
sem vildi ekki leika við hana.
Hún var í sólbaði
og var alveg sama.
Það var drama.

Amilía Jamil Andradóttir, 1. bekk Foldaskóla

Prakkaraálfur skreytir jólatré

Prakkaraálfur skreytir jólatré
með tannkremi og klósettpappír.
Einhver er að kúka bak við tréð
– það er hreindýr.

Theodór Helgason, 1. bekk Foldaskóla

Litla húsið

Ég er í litlu húsi
og sé dýragarð og gras.
Það er sól,
það eru stjörnur.
Ég er í litlu húsi
og ætla að leika mér.

Othman Faraj Shwaki, 1. bekk, Foldaskóla

Afmælisgjafirnar

Mamma, mamma, mamma
ég fékk heilan pakka!
Var það kannski amma
sem gaf mér þennan pakka?

Elsku, elsku stelpa!
Ég veit það, veit það, veit það.
Þú mátt kannski opna hann
ef þú ferð í bað.

Vigdís Lóa Teitsdóttir, 1. bekk, Foldaskóla

Snjókorn

Það eru ský,
það er að snjóa
og krakkar úti í snú snú.

Mig langar svo út,
það er að snjóa.
Mig langar svo út,
út í móa.

Eva Dögg Grétarsdóttir, 1. bekk, Foldaskóla

Sumar

Bróðir minn og ég
við leikum úti.
Bróðir minn og ég
við búum í húsi.
Það er sól,
það eru ský, hjörtu og stjörnur.
Bróðir minn og ég
við leikum í grasi.

Hrafninnna Rún Guðjónsdóttir, 1. bekk Foldaskóla

Heim til ömmu

Mamma, má ég fara?
Fara heim til ömmu?
Kannski á hún ís til að gefa mér.

Mamma, af hverju er húsið svona lítið?
Mér finnst það vera skrítið.
Af því það er mjótt
og líka ljótt.

Bergrós Erla Jónatansdóttir, 1. bekk Foldaskóla

Ég var uppi í brekku.

Ég sá að vindurinn feykti
snjónum í andlitið á mér
og ég sá líka að skíðin
voru að berjast við snjóinn.

Baltasar Hörður Finnsson, 4. bekk Varmahlíðarskóla

Ég stend í sólinni og finn hvernig trén mjakast hægt og rólega að mér. Ég held að allt sé dæmt,
skógurinn mun éta mig. Ég stend bara kyrr og hugsa „Ætli einhver muni sakna mín?“. Ég hugsa
og hugsa, ég sé engan nálægt sem getur bjargað mér. Ég hleyp og hleyp. Ég finn hvernig hjartað
slær. Þetta er búið.

Andri Fannar Einarsson, 4. bekk Varmahlíðarskóla

Fyrir þremur árum voru bestu jól í heiminum.
Ég fékk bestu jólagjöf í heiminum.
Það var sími
sem var svartur,
bjartur.
Hjartað stækkaði
og ég öskraði.
Ég gat ekki sofnað
– ég var svo glaður.

Frosti Guðjónsson, 3. bekk Grenivíkurskóla